

1868.  
12. júní. fyrir þetta ár til vegabóta, að öðru leytinu, að málefnið hafi þurft bráðra úrslita, þar sem bæjarstjórnin var búin að setja vegargjörðina til uppboðs, meðal annars uppá þann skilmála, að hún skyldi af hendi leyst innan 15. júlímán. þ. á.

Um þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hér með fellst á aðgjörðir yðar í þessu efni.

15. júní. 25. Útdráttur úr bréfi dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um aukaútsvar kaupmanns á Akureyri.

Í bréfi 6. júlímán. f. á. beiddist dómsmálastjórnin álits yðar, herra amtmaður, um bréf frá bæjarfógetanum á Akureyri, er hingað hafði borizt beina leið, þar sem hann, útaf því að Popp kaupmaður hafði tekið sér bólfestu í kaupstaðnum sem verzlunarmaður, skömmu eptir að búið var að jafna niður aukaútsvarinu fyrir fardagaárið 1866—67, biður um úrskurð stjórnarráðsins um, hvort að bæjarfulltrúarnir í tæðum kaupstað eigi með að jafna útsvari til fátækra á þá, sem taka sér bólfestu í bænum, eptir að hinni almennu niðurjöfnun er aflokið, og ber sig sumpart upp undan því, að þér hafið skorazt undan að leggja úrskurð á málefni þetta, — — — — —  
— —. Nú hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá í bréfi 14. aprílmán. þ. á. að bæði sé það, að spurningu þeirri, sem greindur embættismaður hefir borið upp, verði ekki svarað á þann hátt, að gefin sé regla, er eigi við öll tilfelli, heldur verði í hvert skipti að fara eptir öllum atvikum, sem að liggja, og að þér heldur ekki hafið getað lagt úrskurð á það tilfelli, sem hér ræðir um, þar sem yður var ókunnugt um efnahag Popps kaupmanns og ástæður yfir höfuð að tala — — — —.

Um þetta skal yður, hvað málefnið sjálft snertir, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að það liggur beinlínis í eðli álaganna til bæjar- og sveitarparfa,

og í aðferðinni við niðurjöfnun slíkra gjalda, að það getur ekki verið umtalsmál að setja menn, sem koma í bæinn eða sveitina, eptir að hinni almennu árlegu niðurjöfnun er aflokið, sérstaklega í skatt, og skylda þá þannig til þess að greiða tillag til bæjar- eða sveitargjaldanna — — — — —

1868.  
15. júní.

**26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Jóns Sigurðssonar  
skjalavardar, um styrk handa jarðyrkjumanni.**

16. júní.

Yður skal hér með kunngjört, að dómsmálastjórnin samkvæmt bænarskrá yðar 16. f. m. hefir veitt Ólafi Björnssyni frá Staðarbakka í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, sem nú er á landbúnaðarskóla í Noregi, 100 rd. styrk í viðbót, til þess að ljúka af námi sínu á skóla þessum, og skal því við bætt, að hëðan er hlutast um, að yður verði borgað fê þetta úr aðalféhirzlu ríkisins.

**27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins  
yfir Íslandi, um borgun fyrir lækningu á frantzós.**

19. júní.

Með bréfi 30. marzmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem farið er fram á, að greiða megi úr jafnaðarsjóði suðuramtsins kostnað þann, er gengið hefir til að lækna mann, sem hefir legið í frantzós í sjúkrahúsinu í Reykjavík, og hafð þér beiðzt úrlausnar dómsmálastjórnarinnar um, hvort að eigi að greiða kostnað þenna úr tæðum sjóði, eða að leitast við að fá hann endurgoldinn hjá sjúklingnum sjálfum og, ef til þess kemur, hjá framfærsluhreppi hans.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar